

AUGLÝSING um umferð í Fjallabyggð.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Fjallabyggðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Fjallabyggð:

Ólafsfjörður: Við gatnamót Aðalgötu og Ægisgötu verður Aðalgata aðalbraut og biðskylda á Ægisgötu að sunnan og stöðvunarskylda að norðan. Hraðahindrun verður við innkeyrsluna í bæinn sunnan við innkeyrsluna að vallahúsi Leifturs. Hámarkshraði á hafnarsvæðinu í Ólafsfirði, þ.e. frá Vesturhöfn að vigtarhúsi verður 35 km/klst.

Siglufjörður: Við gatnamót Hólavegar og Ártúns hafi Ártún rétt gagnvart Hólavegi þannig að biðskylda verði á Hólavegi báðum megin við gatnamótin.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Fjallabyggð (Ólafsfirði/Siglufirði) sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 16. maí 2008.

Björn Jósef Arnviðarson.

B-deild – Útgáfud.: 6. júní 2008